

Svæðisskipulagnefnd Eyjafjarðar
Bjarni Kristjánsson
Knarrabergi
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. apríl 2013
Tilvísun: UST20130300097/ksj

Tillaga að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 - 2024

Vísað er til erindis samvinnunefndar um svæðisskipulag Eyjafjarðar er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024.

Viðfangsefni svæðisskipulagsins

Í tillögunni kemur fram að eftirfarandi þættir séu til umfjöllunar í ofangreindu svæðisskipulagi : Byggðaþróun, samgöngur, iðnaðarsvæði, nýting landbúnaðarlands, efnistökusvæði, vatnsverndarsvæði, meðhöndlun úrgangs, flokkun strandssvæða Eyjafjarðar og veitukerfi.

Náttúruvernd

Í greinargerð yfir forsendur segir að náttúruvernd sé ekki viðfangsefni svæðisskipulags Eyjafjarðar. Áform um skilgreiningu náttúruverndarsvæða verða því ekki tekin upp í svæðisskipulaginu heldur verður unnið úr þeim í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun bendir á að í 10. gr skipulagslag nr. 123/2010 kemur fram að í landsskipulagsstefnu séu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Í ljósi stöðu svæðisskipulagsins telur Umhverfisstofnun eðlilegt til samræmis að svæðisskipulagið taki mið af sömu sjónarmiðum, enda er áhersla á samþættingu afar sterk í skipulagslögnum. Umhverfisstofnun bendir einnig á upphafsröld tillögu svæðisskipulagsnefndar – mars 2013 en þar segir: „*Skipulagstillagan er unnin með samanburði skipulagskosta m.t.t. umhverfis og samfélags í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana.*“ Umhverfisstofnun bendir á að ef tekið er tillit til umhverfis þá er náttúruvernd þáttur þar í. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að setja náttúrumínjasvæði inn á svæðisskipulag til upplýsinga og til að gæta samþættingar.

Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns

Í greinargerð um helstu forsendur og í markmiðum svæðisskipulagsins kemur fram að að lagt

er til að Eyjafjörður verði skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningar í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Eitt af rökunum fyrir því er að staðsetning útrásarops verði 450 metra frá landi á um 40 m dýpi. Í dag er útrásarop 90 m frá landi.

Í markmiðum kemur fram að stefnt skuli að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í efsta gæðaslokki (flokkur A) miðað við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Að mati Umhverfisstofnunar er markmiðið að ná A flokki í hreinleika sjávar ekki í samræmi við það ástand sem er á svæðinu í dag. Engar mælingar á næringarefnum eru fyrirliggjandi fyrir Eyjafjörð en saurkóligerlamælingar sýna að það eru langt yfir 1000 saurkóligerlar í 100 ml. sýni sem setur ástandið í Eyjafirði í V flokk sem er lakast umhverfismarkaflokkurinn skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma til hreinsun á skólpi og að staðsetning útrásarops verði a.m.k. 450 m frá landi, eigi gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar að batna.

Í umfjöllun um strandsvæði Eyjafjarðar kemur einnig fram það markmið að unnin verði vöktunaráætlun þar sem miðað verði við að mælingar og mat verði unnið í síðasta lagi 2015 og síðan á 10 ára fresti. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011 skuli mælingar vera á 6 ára fresti.

Í umfjöllun um strandsvæði Eyjafjarðar í kaflanum um vatn kemur eftirfarandi fram:
„*Nýlegar mælingar, sem gerðar voru að vetri til þegar niðurbrot gerlamengunar er mun hægara en að sumri, valda áhyggjum og þrýsta á um að nauðsynlegum endurbótum á fráveitukerfum verði hraðað. Þetta á t.d. við um Siglufjörð og Akureyri.*“ Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að fráveitur sveitarfélaga á svæðisskipulagssvæðinu uppfylli reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar verði sett tímasett markmið um úrbætur í fráveitumálum því þannig stuðli áætlunin að framgangi endurbóta.

Iðnaðarsvæði

Í tillögu að ofangreindu svæðisskipulagi er gert ráð fyrir tveimur stórum iðnaðarsvæðum. Annað svæðið nær yfir 59 ha og er í tillöggunni staðsett á Dysnesi. Umhverfisstofnun bendir á að Dysnes er nærrí Hörgárósum sem er svæði á náttúruminjaskrá nr. 506. Í skránni kemur eftirfarandi fram: „*Hörgárósar, Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi Eyjafjardarsýslu. Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.*“ Umhverfisstofnun bendir á að á náttúruminjaskrá eru svæði sem þykir mikilvægt að friðlysa í framtíðinni ef þess er kostur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við ákvörðun um að gera ráð fyrir athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði að Dysnesi, þá sé tekið fullt tillit til náttúruminja á svæði Hörgárósa.

Efnistökusvæði

Í ofangreindri tillögu koma fram markmið vegna efnistöku. Eitt af markmiðunum er að efnistöku skuli haga þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúrufar, landslag og lífsgæði verði í lágmarki. Í umhverfisskýrslu eru listar yfir námur í þeim sveitarfélögum er að svæðisskipulaginu standa. Umhverfisstofnun bendir á að í Hörgársveit hefur verið opnuð stór framtíðarnáma að Skútum (Moldhaugaháls). Að mati Umhverfisstofnunar ætti að loka þeim

nánum í Hörgárdal þar sem unnið er efni úr malarhjöllum, en vinnsla úr árhjöllunum hefur neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Með því að vernda árhjallana er ásýnd Hörgárdalsins vernduð. Í þessu samhengi bendir Umhverfisstofnun á stefnumörkun stjórnvalda en í ritinu *Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020* sem gefið var út af umhverfisráðuneytinu árið 2002, kemur eftirfarandi fram: „*Eskilegt er að nám jarðefna fari estir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæð náttúrufyrirbæri verði fyrir skemmdum. Því verður stefnt að áframhaldandi fækken náma í vinnslu.*“ Umhverfisstofnun bendir því á að mikilvægi þess að fækka nánum í Hörgárdal sérstaklega þeim svæðum þar sem efni er unnið úr malarhjöllum, nú þegar stór framtíðarnáma hefur verið opnuð.

Í umhverfisskýrslu er mat á umhverfisáhrifum efnistökustaða. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að efnistaka er talin í flestum tilvikum hafa jákvæð áhrif á náttúrufar. Efnistaka hefur röskun í för með sér og telur stofnunin að endurskoða þurfi matið. Einnig gerir Umhverfisstofnun athugasemd við að efnistaka er talin hafa jákvæð áhrif á vatnsvernd og telur að rökstyðja þurfi það álit.

Umhverfisstofnun bendir á að námur í Grýtubakkahreppi eru færri í tillögu að svæðisskipulagi en fram kemur í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem bendir til að átlunin er að fækka nánum í Grýtubakkahreppi. Ef slíkt er ekki á átlun þá telur stofnunin að samræma þurfi umfjöllun um námur milli skipulagsstiga.

Landnotkun

Í umfjöllun um iðnaðarsvæði í umhverfisskýrslu er talið að iðnaðarsvæðin á Dysnesi og Árskógrssandi hafi jákvæð áhrif á náttúruvernd þar sem hvorugur staðurinn sé skilgreindur sem verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að skv. skilgreiningu skipulagsreglugerðar er iðnaðarsvæði: „*Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förg-unar-stöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.*“ Þar sem á iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að hún hafi jákvæð áhrif á náttúruvernd.

Virðingarfyllst
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Jóhanna B. Weisshappel
Jóhanna B Weisshappel
Sérfræðingur